


| | | |
|-------------------|---|---|
| Nr.: GAT-045 | Verkmenntaskólinn á Akureyri |  |
| Útgáfa: 08 | | |
| Dags.: 30.08 2011 | | |
| Höfundur: HRS | | |
| Samþykkt:SHJ | Atvinnufræði ATF195 Kennsluáætlun Haust 2012 | |
| Síða 1 af 2 | | |

| | | | |
|----------------|--------------------|---------------|-----|
| Kennari | Ketill Sigurðarson | Sk.st. | KES |
|----------------|--------------------|---------------|-----|

Áfangalýsing:

Að nemendur hafi nokkurn skilning á styrkleikum sínum og veikleikum í námi í gegnum sjálfsmat, viðtöl og ráðgjöf, farið yfir grundvallarhugtök í öryggismálum og skyndihjálp á vinnustað en einnig í daglegu lífi. Lokið bóklegum þætti námskeiðs til vinnuvélaréttinda. Farið yfir starfsemi verkalýðsfélaga, þekkja til þess hvaða skyldur starfsmenn þurfa að uppfylla varðandi mætingar, þagnarskyldu og fleira. Þekkja til réttinda á vinnumarkaði, lífeyrismála, veikindaréttar, orlofsgreiðslna og atvinnuleysistrygginga. kunna að nota viðmót á interneti svo sem Moodle til að skila inn stuttum skýrslum eða að merkja inn viðfangsefni sem undirbúning að einföldu verkbókhalda. Vita hvernig starfsviðtöl fara fram og geta tekið þátt í slíkum viðtölum. Geta fundið upplýsingar t.d. á internetinu um kjaramál, kjarasamninga og fl.. Geta metið sjálfan sig að einhverju leyti við óvæntar aðstæður t.d. í erfiðu veðri eða á slysstað, bæði hvort viðkomandi treystir sér til að taka þátt í eða leysa verkefni og hvort það mat er raunhæft miðað við líkamlegt og andlegt ástand, þekkingu og reynslu af slíkum aðstæðum. Geta útbúið ferilskrá fyrir starfsumsókn.

Leiknimarkmið:


Eftir að hafa lokið áfanganum á nemandi að

- kunna að nota viðmót á interneti svo sem Moodle til að skila inn stuttum skýrslum eða að merkja inn viðfangsefni sem undirbúning að einföldu verkbókhalda.
- vita hvernig starfsviðtöl fara fram og geta tekið þátt í slíkum viðtölum á markvissan hátt með því að hafa æft sig í framsögn og tjáningu og hafa tekið þátt í æfingum í samskiptum..
- geta fundið upplýsingar t.d. á internetinu um kjaramál, kjarasamninga og fl.

Hæfnimarkmið:

Eftir að hafa lokið áfanganum á nemandi að

- geta metið sjálfan sig að einhverju leyti við óvæntar aðstæður t.d. í erfiðu veðri eða á slysstað, bæði hvort viðkomandi treystir sér til að taka þátt í eða leysa verkefni og hvort það mat er raunhæft miðað við líkamlegt og andlegt ástand og þekkingu og reynslu af slíkum aðstæðum.
- geta lýst færni sinni við ákveðin verk eða í ákveðnum starfsgreinum. Hér er ætlast til að nemandinn miði við það hvernig nám í ákveðinni starfsgrein gengur ef um það er að ræða.
- hafa unnið að og geta útbúið stutt yfirlit um sjálfan sig, nám sitt og störf með það að markmiði að geta útbúið ferilskrá fyrir starfsumsókn.

| | | |
|-------------------|---|---|
| Nr.: GAT-045 | Verkmenntaskólinn á Akureyri |  |
| Útgáfa: 08 | | |
| Dags.: 30.08 2011 | | |
| Höfundur: HRS | | |
| Samþykkt:SHJ | | |
| Síða 2 af 2 | Atvinnufræði ATF195 Kennsluáætlun Haust 2012 | |

Efnisþættir:

- Bóklegur hluti vinnuvélaréttindanáms, líklega ekki allur hópurinn.
- Skyndihjálparnámskeið. Öryggisfræði eða annað hliðstætt.
- Heimsókn til og námskeið hjá björgunarsveit. Þar verði reynt að sýna nemendum og leyfa þeim að upplifa krefjandi verkefni, ekki endilega bara líkamlega krefjandi heldur líka eitthvað sem reynir á þor og útsjónarsemi.
- Námstækni og persónulegir eiginleikar. Hver og einn nemandi vinnur með sjálfan sig, og áhugasvið með viðtöl við umsjónarkennara og námsráðgjafa.
- Vinna með staðalmyndir og kynjuð störf.
- Tjáning og samskipti. Nemendur fá leiðbeiningar um tjáningu t.d. við þær formlegu aðstæður sem allir geta verið í. Viðtöl við vinnuveitanda, samskipti við viðskiptavini og annað sem reynir á varðandi það að hafa eðlileg samskipti við samstarfsfólk.
- Heimsóknir til stéttarfélags og fræðsla um starfskjör og réttindi. Tryggingamál nema í starfsnámi rædd.
- Skyldur starfsmanna, reglur um mætingar og fyrirvaralausar uppsagnir vegna slægrar ástundunar og vinnubragða.
- Vinnustaðakynning. Heimsóknir í fyrirtæki á lítleg fyrirtæki valin fyrir hvern nemanda og unnið að því að finna hverjum og einum pláss.
- Kynning á vinnustaðanáminu og hvernig það er sett upp. Skilaverkefni, aðferðir við að merkja við og skila af sér.
- Heimsókn í tilvonandi fyrirtæki sem nemandi mun vera í vinnustaðanámi í.
- Dagskrá ATF29 á vorönn. Fyrirkomulag, skilaverkefni, til hvers er ætlast af hverjum.
- Undirrita samkomulag nemanda, VMA og vinnustaðar.

Námsmat og vægi námsþátta:

Mæting 20%, Moodle- ferilskrá 20%, verkefni í tölvupósti 20%, þátttaka í tímum 20% og verkefni í tímum 20%. **Nemendur fá einkunn S (staðinn) eða F (fallinn).**

Námsmat mætingar metnar útfrá eftirfarandi kvarða (mætingar % = einkunn):

| | |
|-----------------|-----------------|
| 97 – 100 % = 10 | 94 – 96,9 % = 9 |
| 91 - 93,9 % = 8 | 88 – 90,9 % = 7 |
| 84 – 87,9 % = 6 | 80 - 83,9 % = 5 |
| 75 – 79,9 % = 4 | 70 – 74,9 % = 3 |
| 65 – 69,9 % = 2 | < 65 % = 0 |

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils